



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

## ALMANNAVARNADEILD



### STÖÐUSKÝRSLA SKRIÐUHÆTTA Á AUSTFJÖRÐUM 21. DESEMBER 2020

Dags: 21.12.2020

Kl.: 19:30

Skýrsla frá: Samhæfingastöð almannavarna

Varðar: Hættustig á Seyðisfirði vegna skriðuhættu

#### Samantekt

- Veður - Fer skánandi
- Vegakerfið/samgöngur - allir vegir greiðfærir nema í gegnum Seyðisfjörð - Oddskarð lokað.
- Rýmingar - Engar breytingar voru á rýmingum í dag.
- Lögregla - sinnir vettvangs- og aðgerðarstjórn auk umferðarstýringu og lokunum.
- Samhæfingastöð Almannavarna - Samhæfir aðgerðir.
- Neyðarlínan - Sendir út SMS skilaboð vegna rýmingar.
- Björgunarsveitir - Sinna lokunum, styðja við vísindamenn og rafmagnsviðgerðir auk þess að undirbúa verkefni sem farið verður í næstu daga.
- Rauði krossinn – Heldur úti fjöldahjálpastöð og veitir upplýsingar á staðnum til íbúa.
- Landhelgisgæslan - Varðskipið Týr er fyrir austan. Beiðni um þyrllu var afturkölluð.
- Raforkukerfið - Seyðisfjörður enn rafmagnslaus að hluta, unnið að mati.
- Fjarskipti - Fjarskiptafyrirtæki fylgjast vel með fjarskiptakerfinu.
- Íbúafundur var haldinn á Facebooksíðu Múlaþings kl. 16.

#### Staða mála

##### Veður

Skaplegt veður, líklega úrkoma í nótt og snjócoma í morgunsárið.

##### Vegakerfið/samgöngur

Almenn umferð til Seyðisfjarðar er háð takmörkunum. Óviðkomandi umferð til Seyðisfjarðar er óheimil sem fyrr. Oddskarðsvegur er lokaður.

##### Rýmingar



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

## ALMANNAVARNADEILD




Óvissustig almannavarna vegna skriðuhættu er enn í gildi á Austurlandi.

Almenn umferð til Seyðisfjarðar er háð takmörkunum. Óviðkomandi umferð til Seyðisfjarðar er óheimil sem fyrr.

Þær götur sem eru nú opnar eru (engar breytingar frá fyrri degi):

Dalbakki	Árbakki	Bæirnir:
Gilsbakki	Hamrabakki	Dvergasteinn
Fjarðarbakki	Leirubakki	Sunnuholt
Vesturvegur	Norðurgata	Selsstaðir
Ránargata	Fjörður	
Fjarðargata	Bjólfsgrata	
Oddagata	Öldugata	
Bjólfsbakki	Árstígur	
Garðarsvegur	Hlíðarvegur	
Skólavegur	Suðurgata að Garðarsvegi	
Austurvegur að nr. 21	Langahlíð	



Þeir íbúar sem ekki geta snúið til síns heima geta mætt og fengið upplýsingar á fjöldahjálparstöð í Egilsstaðaskóla á Egilsstöðum.



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

## ALMANNAVARNADEILD



Viðbragðsaðilar, vísindamenn og starfsmenn raforku- og fjarskiptafyrirtækja voru við störf á Seyðisfirði í dag. Ofanflóða sérfræðingar Veðurstofu Íslands ásamt samstarfsaðilum vinna að frekari mælingum og athugunum á skriðusvæðum á Seyðisfirði

### Eskifjörður:

Oddskaðsvegur verður áfram lokaður.

### Lögreglan

Lögreglan hefur stýrt umferð um svæðið og lokunum auk vettvangs- og aðgerðastjórn. Samhæfing aðgerða fer fram í samhæfingarstöð almannavarna.

Haldinn var rafrænn íbúafundur í dag á vegum Múlaþings þar sem upplýsingum var komið beint til íbúa og þeim gefinn kostur á að spyrja spurninga. Á fundinum sátu meðal annars fyrir svörum lögreglustjórinn á Austurlandi, sveitarstjóri Múlaþings, fulltrúar Veðurstofu Íslands, fulltrúi Náttúruhamfaratryggingar Íslands og lögreglumenn í vettvangs- og aðgerðarstjórn.

Þrír fulltrúar almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra eru mættir á svæðið og vinna nú að uppsetningu þjónustumiðstöðvar í Herðubreið sem mun opna þriðjudaginn 22. desember. Þar eiga íbúar að geta fengið svör á einum stað við helstu fyrirspurnum sínum.

### Neyðarlínan

Neyðarlínan hefur sent tilkynningar í SMS skilaboðum til íbúa og fólks á svæðinu með uppfærðum upplýsingum um stöðuna á Seyðisfirði.

### Björgunarsveitir

Björgunarsveitir hafa sinnt aðgerðum á svæðinu, m.a lokunum á Fjarðarheiði og komið að skipulagningu á aðgerðum sem farið verður í þegar hættuástandi verður aflétt. Björgunarfólk hefur einnig aðstoðað vísindamenn og starfsmenn raforkufyrirtækja og gætt öryggis á hættusvæði.

Aðgerðarstjórnendur björgunarsveita hafa unnið í dag að skipulagningu hreinsunar- og endurreisnarverkefna sem björgunarsveitir munu taka að sér á næstu vikum.

### Rauði krossinn

Hundruð Seyðfirðinga hafa sótt ýmsa þjónustu í fjöldahjálparstöð á Egilsstöðum í dag svo sem veitingar, fataaðstoð, upplýsingar og sálrænan stuðning.

Fjöldahjálparstöð á Seyðisfirði var opin frá kl. 13 og fram yfir íbúafund.

Nú eru tvær fjöldahjálparstöðvar opnar, ein á Egilsstöðum og ein á Seyðisfirði.



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

## ALMANNAVARNADEILD



Íbúar á rýmingarsvæðinu eru hvattir til að nýta sér þjónustu fjöldahjálparstöðvanna eða hringja í Hjálparsíma Rauða krossins 1717 ef spurningar vakna eða aðstoðar er þörf.

### Raforkukerfið

Rafmagnslaust er enn á hluta bæjarins. Starfsmenn Rarik hafa verið að störfum í dag.

Heitavatnslaust er á hluta bæjarins, unnið er að viðgerðum.

### Fjarskipti

Fjarskiptafyrirtæki fylgjast vel með stöðu á fjarskiptainviðum á svæðinu. Rafmagni hefur verið komið á fjarskiptasendi í bænum.

Ríkislögreglustjóri almannavarnadeild [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)

Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)

Facebook: [@almannavarnir](https://www.facebook.com/almannavarnir)